

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 27. apríl 1989

um háskerpusjónvarp

(89/337/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Háskerpusjónvarp (HDTV) hefur lykilþýðingu fyrir evrópska rafeindaiðnaðinn fyrir notendamarkað og fyrir evrópska sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn.

Brýn þörf er á að samþykkja alþjóðastaðal fyrir framleiðslu og skipti á þáttum og kvikmyndum fyrir háskerpusjónvarp.

Evrópskur iðnaður hefur þróað, innan ramma Samstarfsáætlunar Evrópu um þróun í hátækniidnaði (EUREKA), viðeigandi tillögu að slíkum alþjóðastaðli.

Frummynd að búnaði gerðum eftir þessum staðli var sýnd með góðum árangri á alþjóðlega útvarpsþinginu í Brighton í september 1988.

Stefna skal að því að 1992 verði búnaður kynntur á notendamarkaði og útsendingar háskerpusjónvarps hefjist á alþjóðavettvangi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 37, 14. 2. 1989, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 120, 16. 4. 1989.

⁽³⁾ Álitum var skilað 26. apríl 1989 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

Til þess að háskerpusjónvarp fái byr undir báða vængi nægir ekki að tryggja að viðeigandi vélbúnaður sé fánlegur, heldur verður einnig að sjá til þess að evrópskir framleiðendur kvikmynda og sjónvarpssefnis búi yfir þeirri hæfni og reynslu sem til þarf.

Hefja verður öflugra kynningarherferð nú þegar til að búa fagfólk og almenna sjónvarpsáhorfendur undir það sem í vendum er.

Veita þarf stjórnendum og öðrum sem í hlut eiga upplýsingar um þá þróun sem á sér stað hvað varðar evrópskt háskerpusjónvarp (HDTV).

Brýn þörf er á því að gera aðgerðaáætlun og skipuleggja byrjun háskerpusjónvarps um alla Evrópu.

Mikilvægt er að öll aðildarríkin taki þátt í þessu starfi.

Þessar aðgerðir ættu að leiða til nánari samvinnu í bandalaginu milli iðnaðar (rafeindaiðnaðar fyrir neytendur og atvinnufólk og iðnaðar sem framleiðir kvikmyndir og sjónvarpssefni) og þjónustuaðila (er sjá um dreifingu sjónvarps um landstöðvar, gervihnetti og kapalkerfi og dreifingu efnis fyrir kvikmyndahús).

Sáttmálinn kveður ekki á um aðrar heimildir fyrir þessum aðgerðum en þær sem er að finna í 235. gr.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirtalin markmið eiga að þjóna sem grundvöllur fyrir viðtæka áætlun um að innleiða háskerpusjónvarp (HDTV) í Evrópu:

1. markmið

Að leitast við af fremsta megni að tryggja að evrópskur iðnaður þrói nógu tímanlega alla þá tækni, íhluti og búnað sem þarf til þess að koma á fót háskerpusjónvarpi.

2. markmið

Að stuðla að samþykkt evrópskrar tillögu, sem byggist á kennistærðunum 1 250 línur, 50 heilmýndir á sekúndu og samfelldri skönnun, sem eina alþjóðastaðlinum um framleiðslu og skipti á efni fyrir háskerpusjónvarp.

3. markmið

Að stuðla að sem víðtækastri notkun evrópska háskerpusjónvarpskerfisins um allan heim.

4. markmið

Að stuðla að því að háskerpusjónvarp komist á í Evrópu eins fljótt og mögulegt er, og frá 1992 samkvæmt viðeigandi tímaáætlun.

5. markmið

Að leitast við af fremsta megni að tryggja að evrópskir framleiðendur kvikmynda og sjónvarpsefnis hafi þá hæfni, reynslu og stærð sem þarf til að vera samkeppnisfær á heimsmarkaði á sviði háskerpusjónvarps og gera öllum aðildarríkjunum kleift að leggja sinn skerf til menningarinnar.

2. gr.

Til þess að ná þeim markmiðum sem talin eru upp í 1. gr. skal aðgerðaáætlun um innleiðingu háskerpusjónvarps gerð á vettvangi bandalagsins með náinni samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, þegar við á

með þátttöku stofnana ríkjanna, einkum í samráði við:

- sjónvarpsfyrirtæki sem nota landstöðvar,
- fyrirtæki sem senda og dreifa gervihnattasjónvarpi,
- kapalsjónvarpsfyrirtæki,
- framleiðendur rafeindatekja fyrir atvinnumenn og almenna notendur,
- sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn,
- nýsigagnastofnanir og æðri menntastofnanir á tækni-sviði og
- neytendasamtök,

um allt bandalagið og um alla Evrópu, í gagnkvæmri samvinnu við þátttakendur og umsjónarmenn verkefnis Samstarfsáætlunar Evrópu um þróun í hátækniidnaði (EU-REKA) á sviði hágæðasjónvarps (HDTV).

3. gr.

Á grundvelli þess samráðs sem lýst er í 2. gr. og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið yfirfara aðgerðaáætlun um að koma á háskerpusjónvarpsþjónustu. Í þessari áætlun skal einnig gera ráð fyrir möguleikum á þátttöku Evrópuríkja utan bandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 27. apríl 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BARRIONUEVO PEÑA

forseti.